

Starfsáætlun Rauðaborgar

2018 - 2019

Leikskólinn Rauðaborg
VIÐARÁS 9, 110 REYKJAVÍK

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans er.....	2
Einkunnarorðin okkar eru:.....	2
Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	2
Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	3
Greinargerð frá starfi á Laufinu 2017 – 2018	4
Greinargerð frá starfi á Hreiðrinu 2017 – 2018.....	5
Greinargerð frá starfi á Lynginu 2017 – 2018.....	8
Ytra mat.....	9
Viðhorfskönnun starfsmanna	9
Viðhorfskönnun foreldra	9
Viðhorfskönnun barna.....	10
Áhersla næsta skólaárs.....	11
Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	12
Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	13
Foreldrasamvinna.....	14
Samstarf leik- og grunnskóla	15
Skipulagsdagar veturinn 2018 – 2019	16
Fylgigögn.....	17
Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun leikskólastjóra	17
Fylgiskjal 2 – Umbótaáætlun sérkennslustjóra	18
Fylgiskjal 3 – Umbótaáætlun deilarstjóra á Laufi	19
Fylgiskjal 4 – Umbótaáætlun deildarstjóra á Hreiðri.....	20
Fylgiskjal 5 – Tilfinningaspjald	21
Fylgiskjal 6 – Umbótaáætlun deildarstjóra á Lyngi.....	22
Fylgiskjal 7 – Endurmat barna	23
Matsgögn.....	24
Matsgagn 1 – Hlustun og tjáning.....	24
Matsgagn 2 – Nýta bókalestur	26
Matsgagn 3 – Bína bálreiða	27
Leikskóladagatal árið 2018 - 2019.....	28
Umsögn foreldraráðs.....	29

Leiðarljós leikskólans er:

„Það er leikur að læra“ (eftir Guðjón Guðjónsson). Börnin læra í gegnum leik, hreyfingu og skynjun á eigin forsendum bæði í frjálsum leik sem og skipulögðum verkefnum.

Einkunnarorðin okkar eru:

Gleði: jákvæðni, umhyggja, vinátta, bros, hrós

Virðing: kurteisi, tillitssemi, vinátta, hlustun, skilningur

Sjálfstjórn: þolinmæði, reglur, vinátta, umburðarlyndi, jafnvægi

Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Skólaárið 2017 – 2018 vorum við með óvenju mörg ung börn og þörf var á að gera breytingar hvað varðar aldursskiptingu barna á deildum. Á deild sem er hugsuð fyrir 3 – 5 ára börn sem hafa fullan aðgang að opnu leikrými vorum við nú með 24, 2 – 3 ára börn en þessum aldri nýtist illa opna leikrýmið. Fleiri starfsmenn fylgja svo ungum börnum svo allt að 8 starfsmenn voru á deildinni, þar af einn sérkennari. Nokkrir óvanir starfsmenn voru starfandi frá hausti þannig að þörf var á miklu leiðbeiningastarfi. Segja má að ótrúlega vel hafi tekist til þrátt fyrir mjög krefjandi starf og oft mikið álag. Á yngstu deildinni (1-2 ára) byrjuðu tveir starfsmenn að hausti og hættu um áramót, mikil heppni fylgdi okkur í kjölfarið þar sem við fengum tvo frábæra starfsmenn í byrjun árs. Þar sem fyrir séð var að staðan yrði eins næsta skólaár þ.e.a.s. '18 - '19 óskaði ég eftir og fékk 4 barna fækkun þannig að á 2 – 3 ára deildinni verða nú 20 börn.

Faglegt starf gekk vel og unnið var markvisst að umsókn að Grænfánanum sem allir tóku þátt í. Ákveðið var að taka verkefnið Landslag: Hvernig lítur nærumhverfi skólans út? Eru hólar eða hæðir? Fjöll og dalir? Er hægt að fara í ferðir út fyrir skólann þar sem hægt er að upplifa breytt landslag? Hvernig hefur landslagið myndast? Hvernig tengist landslagið sögunni? Hvaða örnefni í nærumhverfinu? Mikið og gott samstarf var um verkefnið og mikill áhugi hjá bæði börnum, starfsfólki og foreldrum. Grænfánann fengum við svo afhentan 11. júní. Byrjað var markvisst að vinna með Lubba sem finnur málbein og fengu allir starfsmenn námskeið og þjálfun til að vinna að verkefninu. Var þetta mjög góð viðbót við starfið okkar en við vinnum mikið með markvissa málörvun með öllum börnum leikskólans. Allir sýndu verkefninu mikinn áhuga sem ekki síst vakti ómælda gleði og ánægju hjá börnunum.

Í kjölfarið á fræðslu um Jafnrétti í starfi með börnum (Kolbrún Hrunn Sigurgeirsdóttir) sem allir starfsmenn sóttu var mikil umræða og meðvitund um jafnrétti barna bæði út frá kyni þeirra, þjóðerni aldri og fl. Óhætt er að segja að þessi umræða sé mjög þörf hjá öllum og ekki síst þeim sem starfa með börnum.

Umbótaáætlun sjá fylgiskjal 1

Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Unnur Hermannsdóttir

Í Rauðaborg eru tvö börn sem eru með stuðning veturinn 2017-2018, annað barnið er með 6 stundir á dag og hitt barnið er með 8 stundir á dag. Einn starfmaður sinnir hvoru þeirra.

Deildarstjórar og sérkennslustjóri, auk leikskólastjóra koma að áætlun um málörvun og hvenær þörf er á snemmtækri íhlutun í leikskólanum. Notast er við EFI 2 og vísað er í talþjálfun ef þurfa þykir. Þau börn sem illa eru stödd og eru í talþjálfun annars staðar fá samverustundir og þjálfun í litlum hópum tvisvar í viku, ásamt þeim börnum sem eru á biðlista eftir að komast í talþjálfun.

Sérkennslustjóri sér um þessar stundir.

Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir hvert barn í Rauðaborg og eru gerðar af öllum starfsmönnum deildarinnar í sameiningu, á skipulagsdegi að hausti. Einnig er leitað til foreldra um hvað þeir vilji að komi fram í áætlun barna þeirra. Námskrárnar eru nýttar í foreldraviðtölum og eins eru þær nýttar til að fylgjast með framförum og almennum þroska barnanna. Einnig er merkt við hvernig börnin standa í öllum þroskaþáttum með tilliti til aldurs. Einstaklingsáætlanir fyrir sérkennslubörn eru gerðar af þeim aðila sem sér um sérkennsluna í samráði við hópstjóra og sérkennslustjóra. Til hliðsjónar eru notaðar niðurstöður úr athugunum og ráðleggingar sérfræðinga sem komið hafa að mati á börnunum.

Foreldrar eru kallaðir til viðtals ef grunur er um þroskafrávik. Einnig eru dæmi um að foreldrar komi að fyrra bragði og biðji um að láta athuga þroska barna sinna. Teymisfundir eru haldnir reglulega með foreldrum og þeim sem koma að börnum með sérstuðning (sérkennslustjóri, deildarstjóri, stuðningsaðili og aðrir sem koma að þjálfun barnanna), og eru þeir haldnir í Rauðaborg á u.þ.b. 6 vikna fresti. Þar er farið yfir hvernig gengur, hver næstu skref verða í þjálfun og fleira.

Tengiliður þjónustumiðstöðvar mætir á teymisfundi og sálfræðingar og hegðunarráðgjafar eru okkur hjálplegir. Samráðsfundir með þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts eru haldnir tvisvar á ári í leikskólanum. Á hann mæta sérfræðingar frá þjónustumiðstöð, sérkennslustjóri og deildarstjórar. Þar er farið yfir málefni þeirra barna sem njóta þjónustu miðstöðvarinnar og ráðleggingar gefnar varðandi þau börn sem við teljum við þurfa aðstoð með.

Einnig er gott samstarf við Heilsugæsluna og grunnskólann í hverfinu. Heilsugæslan hefur samband við okkur eftir heimsóknir allra barna í heilsugæsluna við 2 ^{1/2} árs og 4 ára skoðanir, jafnvel þótt ekkert óvenjulegt hafi komið fram. Samvinna sérkennslustjóra og starfsmanna, fræðsla, ráðgjöf og stuðningur. Sérkennslustjóri er starfsmönnum innan handar við ráðgjöf og tekur þátt í þeim fundum sem varða sérkennslubörnin. Ráð frá sérfræðingum til okkar allra eru nýtt og því fylgt eftir að hlutirnir séu framkvæmdir á sem bestan og öruggastan hátt samkvæmt því.

Umbótaáætlun sjá fylgiskjal 2

Greinargerð frá starfi á Laufinu 2017 – 2018

Margrét Gunnarsdóttir, deildarstjóri

Breytingar urðu á deildinni haustið 2017. Ég skipti um deild og tók við deildarstjórastöðu á Laufinu. Aðeins tveir árgangar voru á deildinni.

24 börn voru á deildinni, 10 börn fædd 2012 og 14 börn fædd 2013.

Málþroski – lestrarfærni – lesskilningur

Öll börn og starfsfólk á Rauðaborg fengu nafnatákn.

Tákn með tali notað að nokkru leiti, mest notað í kringum mat og í söngstundum. Sérstaklega verður unnið að því að auka notkun tákns með tali næsta vetur.

Sögugrunnur. Börnin dugleg að búa til sögur eftir myndunum, þeim fór fram, þau notuðu fleiri setningar og orðaforði jókst.

Læsisverkefni var 1x í viku í samverustundum. Dýrin í Hálsaskógi var lesin í vetur. Börnin mjög áhugasöm, orðaforði jókst og skilningur á vináttu skilaði sér í því að þau sáu að allt gengur vel ef allir hjálpast að.

Valið. Vel fylgst með að börnin nýti sér það sem er í boði. Í endurmati eftir leikstund eiga börnin gott samtal við hópstjóran um hvar þau voru að leika sér og börnin æfast í að rifja upp og í framsögn.

Lubbastundir. Voru 2x í viku. Annað skiptið var innlögn á máhljóði vikunnar og seinna skiptið var sagan lesin og landakortið skoðað. Vísan tengd máhljóðinu var sungin alla vikuna.

Verk – tækni – listnáam

Fjölbreyttur efniviður er til listsköpunar. Flest börn dugleg að ná sér í efnivið úr hillunum en suma þarf að hvetja áfram. Verður unnið sérstaklega með listsköpun næsta vetur

Heimahagar. Elstu börnin á Rauðaborg (fædd 2012) hittu reglulega nemendur úr 1. bekk í Selásskóla og gerðu með þeim útiverkefni. Stundum hittust allir leikskólarnir 3 (Rauðaborg, Heiðarborg og Blásalir) ásamt öllum í 1. bekk í Selásskóla. Þá var farið í nokkra hópleiki og allir sungu saman nokkur lög.

Grænfáni. Leikskólinn sótti um Grænfánann í 3. skipti nú í ár. Verkefni vetrarins var að kynnast nánasta umhverfi leikskólans og ýmsum kennileitum og örnefnum. Allir hópar völdu sér gönguleið, gerðu kort þar sem leiðin var merkt inn á kortið. Börnin tóku ljósmyndir í ferðinni og gerðu síðan leiðarlýsingu. Einnig var farið að heimilum barnanna, teknar myndir af börnunum og merkt inn á götukort.

Ferðir. Öll börnin á Laufinu fóru í nokkrar vettvangsferðir og gengu þær allar mjög vel. Börnin voru mjög fróðleiksfús og hrósað fyrir góða framkomu og kurteisi.

Fjölmennning. Fjölmenningavikur hafa verið haldnar í leikskólanum í tengslum við börn af erlendum uppruna. Vikan hefur verið skipulögð af foreldrum barnanna í samvinnu við kennara. Börnin á leikskólanum eru spurð hvað þau vilja vita um viðkomandi land og foreldrarnir svara þeim. Oft er sungið lag frá viðkomandi landi og borðaður matur frá landinu. Í vor héldum við Eþíópísku viku en við erum sólblómaleikskóli og styrkjum í dag barn frá Eþíópíu. Við fengum heimsókn frá konu sem hafði verið í Eþíópíu og fræddi hún okkur um land og þjóð, sýndi okkur myndir og nokkra hluti frá Eþíópíu.

Fataherbergi. Fataherbergið á Rauðaborg er mjög lítið og þess vegna er mjög mikilvægt að ekki fari of mörg börn í einu í fataherbergi. Við sendum börnin í litlum hópum með starfsmanni í fataherbergið þannig að allir hafi nóg pláss og nógan tíma til að klæða sig. Þetta þarf að passa vel svo börnin geti notið sín og æfist í að klæða sig sjálf og einnig að hægt sé að ætlast til af börnunum að þau gangi vel um og hengi upp fötin sín og setji skófatnað á hillur.

Umbótaáætlun sjá fylgiskjal 3

Greinargerð frá starfi á Hreiðrinu 2017 – 2018

Malgorzata Bachmann Laskowska, deildarstjóri

Nýstaða:

Ég vann í eitt ár sem leikskólakennari svo var mér boðið að vera deildarstjóri í yngri deild. Og það þáði ég (ég hafði reynslu frá öðrum leikskóla sem deildarstjóri yngri deildar). Mig líður eins og við erum mjög nán starfsmenn á þessum leiksskóla sem ég er að vinna í. Ég fæ þá aðstoð sem mig vantar og er ekki erfitt að nálgast hana frá leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og öðrum deildarsjórum, samskipti allra starfsmanna í leikskólanum eru til fyrirmyndar.

Aðlögun Barna:

Aðlögun barna gekk vel og ég er ánægð með hvað við náðum góðum árangri og foreldrarnir líka. Ég vil taka fram að samband milli míns og foreldra gengur verulega vel. Það er líka gott að heyra hvað allir eru ánægðir með leikskólann og það sem við erum að gera hér.

Starfsamannahald:

Ég fékk tvær nýjar starfsstúlkur og því miður gekk það ekki að óskum og gerði það að miklu auka álagi fyrir mig vegna þess að þessar stúlkur voru ekki að sinna sínu starfi og ekki heldur með áhuga á því og alls ekki starfi sínu vaxnar.

Um áramótin fékk ég tvær nýjar stúlkur og hefur allt loksins gengið að óskum.

Ég og foreldrar barnanna erum mjög ánægð með vinnu og metnað stúlnanna sem komu um áramótin.

NIÐURSTAÐA

Það er svo gaman að sjá hvað öll börnin hafa tekið miklum framförum frá því þau byrjuðu í haust í leikskólanum. Málþroski hefur tekið kipp, félagsþroski er að aukast, það er alveg yndislegt að sjá og maður sér árangur af því sem við höfum verið að leggja inn í vetur með vináttu. Það er líka, með auknum þroska, sjálfsstæðisbarátta í gangi og allir passa upp á sitt. Börnin fylgjast líka með því að hin börnin fylgi þeim reglum sem eru í leikskólanum.

Það er alveg yndislegt að sjá hvað þau eru alltaf meira og meira að leika saman. Þau eru ekki lengur bara að leika hlið við hlið heldur er samleikur að bætast inn í leikinn. Þau eru farin að spjalla saman og nýta tungumálið í samleik og finna hvað það er gaman að geta tjáð sig og hinn aðilinn skilur hvað þau eru að segja.

STYRKLEIKAR

Markmiðin voru: málþroski, vinátta, könnunarleik, einingakubba og jóga.

Í hópastarfi lögðum við áherslu á vinnu með:

a) Málþroski

Áhersla er lögð á verkefni tengd:

Orðaforða: vinna með orðaforða sem tengist:

- fjölskyldu (nafni foreldra, afar og ömmur, afmælisdagur),
- líkamshlutum (auga, eyru, munnur, nef, magi, hné),
- mat, fatnaði, leikföngum, faratækjum o.fl. (það sem við sjáum í bókum t.d. bókinni *Fyrsta 1000 orðin*)
- litirnir,

- formin,
- tölur (til 10)
- afstöðuhugtök (ofan á, undir, inni í, upp á),
- heyrnarninni - hugmyndir úr bókinni *Bína bálreiða* – sitja kyrr, biða, hlusta, passa hendur, muna, gera til skiptis,
- talið í stuttum skýrum setningum,
- sýnið hlutina um leið og þeir eru nefndir,
- hjálpið barninu að tjá tilfinningar, þarfir og óskir með því að leggja því orð í munn eftir þörfum,

Varðandi málþroska við kenna þeim hvað hlutanir heita og kenna þeim að skilja hvað þíðir hvað.

Við lesum mikið fyrir barnið á hverjum degi. Veljið bækur sem hæfa þroska barnsins. Athugið að flest börn elska að hlusta á sömu söguna aftur og aftur.

Mikilvægt er að skilgrein málörvun sé unnin í gegnum leik þess vegna við erum farið í leik sem stuðla að málörvun með barninu. t.d. dúkkuleik, boltaleik, bílaleik.

b) Hreiðrið mjög dugleg að nota táknin.

c) vinna með þemað „*Ég sjálfur*“ sem við verðum að vinna með í vetur.

Við ræðum um hendurnar, fæturna, höfuðið og kroppinn.

Við syngjum söngva sem tengjast líkamanum, förum í leiki og lesum bækur. Við stimplum hendurnar og fæturna þeirra og setjum þær í leikskólamöppuna.

d) verkefni sem heitir **Lubbi finnur málbein**. Við hittum Lubba 1x í viku og höldum ótrauð áfram.

e) **Læsisverkefni** - við lesum saman bók sem heitir **Sagan af græna kettinum** og vinna verkefni tengd sögunni. Þar erum við að fjalla m.a. líkamsvitund, tilfinningar, hugtök (stór/lítill, fyrir framan/fyrir aftan o.s.frv.), litir og form. Við tökum 8 vikur í þetta verkefni og tökum fyrir 1-2 opnur í hverri viku.

f) allir voru að vinna að **orkuverkefni**.

g) **Jóga**.

Jóga er góð leið til að hjálpa okkur að hafa stjórn á því sem við hugsum, því sem við segjum og því sem við gerum. Jóga skapar jafnvægi sem er frábær jarðvegur til að kynnast sjálfum sér og að takast á við áskorun og ögrandi verkefni.

Við þurfum að æfa okkur í að nota orkuna í þágu sjálfs okkar en ekki láta orku annarra stjórna okkur. Þannig losnum við, við streitu nútíma þjóðfélags.

Þegar unnið er með jóga í leikskólastarfi er mikið atriði að börnin hafi af því gleði. Í gegnum jóga öðlast börn aukna meðvitund um sjálfa sig og lífið, róa hugann og tilfinningarnar, öðlast einbeitingu, jákvæðni og það skapar jafnvægi.

Að flétta saman jóga, leiki og spuna (ímyndunarleikjum) með börnum er tilvalin leið til að skapa tækifæri til að vinna með einbeitingu, hreyfingu og slökun á jákvæðan og skapandi hátt. Markmiðið er að vinna með einstakling í hóp þ.e. hlustun á sjálfan sig og aðra. Í spuna er farið í leiðangur og mikilvægt að allir séu þátttakendur í sama ævintýrinu en hver á sinn einstaka hátt. Þannig þjálfast hlustun, einbeiting og samvinna.

Við vinnum með jóga sem lífsleiknileið með börnunum og einnig með vinsamlega snertingu. Við leggjum mikið upp úr vináttu, tilfinningum og að vinna með og samþætta hug, hjarta og hönd í allri starfsemi leikskólans. Það er að jafnvægi verði á milli þekkingar, tilfinninga og framkvæmdar í öllu starfi.

Allir hópar fóru í jóga í vikunni. Og það er gaman að sjá hvað þau eru flest öll móttækileg fyrir því. Það eru ekki allir virkir strax, eru þau að sanka að sér þekkingu með því að fylgjast með og svo allt í einu verða þau tilbúin til að taka þátt. Og í kringum apríl eru öll börn farin að taka þátt, líka þau sem hafa meira verið áhorfendur. Það er svo gaman að sjá að þau hafa alveg verið að fylgjast með því sem hin voru að gera, því þau eru engir eftirbátar hinna í jóganu núna

h) Könnunarleikur gengur rosalega vel fyrir alla, og þau fannst þetta er rosalega gaman. Allir koma áhugasamir inn og setjast á sinn hvern staðinn og strax byrja að skoða dót og mjög dugleg að leika sér.

Frá maí er könnunarleikurinn hjá okkur kominn í smá pásu og í stað þess við leikum okkur með **einingakubba**. Jógað heldur áfram og við förum í það eftir að hafa leikið með einingakubbana. Það sem gerir einingakubba um fram allt sérstaða er hugmyndafræði kubbanna sjálfra. Og þetta gekk rosalega vel.

VEIKLEIKI

Það sem mig langar að við gerum og getum gert betur .

Hvað þarf að bæta í starfi okkar með börnum er hvernig við tölum við og hugsum um börnin okkar.

Hvernig við tölum við og hugsum um börnin okkar verður þeirra innri rödd. Að tileinka sér virðingu og meðvitund í uppeldi krefst þess að skoða sig rækilega í spegli og verða meðvitaður um það hvernig við hugsum um börnin okkar. Við tileinkum okkur ákveðna hugarfarsbreytingu sem felur í sér í grunninn að öll börn séu góð, að þau vilji alltaf standa sig og fylgja okkur en eigi stundum erfitt með það.

Það eru ekki til nein vond börn og engin vond hegðun. Orðin frekja, frekjukast, óþekkt, óhlýðni, gervigrátur, dramadrottning, ljúga, meiða, og fleiri í þessum dúr, eru orð sem ég myndi mæla með því að taka einfaldlega út úr orðaforðanum í sambandi við börn. Málið er það að þrátt fyrir að barn sýni hegðun sem gæti flokkast undir allt þetta þá er alltaf hægt að horfa með öðrum augum á barnið og hegðunina.

Umbótaáætlun sjá fylgiskjal 4

Greinargerð frá starfi á Lynginu 2017 – 2018

Hulda Björk Valgarðsdóttir, deildarstjóri

Ég tók við deildarstjórn á Lynginu haustið 2017 og þá urðu um leið breytingar á deildinni. Í stað þess að vera með 2 deildar í Rauðaborg með 3-6 ára börnum þá voru 2 elstu árgangarnir á Laufinu og á Lynginu voru 24 börn, 16 börn fædd 2014 og 8 börn 2015. Þá sameinuðust börn fædd '14 og '15 af öllum þremur deildum leikskólans á Lyngið. Með þennan fjölda af ungum börnum þurfti að fjölga starfsfólki á deildinni til að annast þau og þar að auki var eitt barn á deildinni sem var með 100% stuðning. Það tók smá tíma fyrir alla að aðlagast, bæði börn og starfsfólk en haustið fór í það að kynnast börnum, kynnast starfsfólki og öðlast traust hjá öllum. En þegar það gerðist, gekk veturinn vel fyrir sig. Það voru aðeins starfsmannabreytingar hjá okkur á Lynginu sem hafði áhrif á starfið, það tók börnin nokkurn tíma að aðlagast nýju starfsfólki en við gerðum okkar besta til að láta börnunum líða vel.

Öll börnin á Lynginu fóru í Lubbastund í vetur, 1x í viku. Einnig vorum við mjög dugleg að syngja lögin í söngstund eða samverustund og læra hljóðin í gegnum þau.

Börnin í eldri hópnum á deildinni, börn fædd 2014, fóru í Sögugrunn í vetur og bjuggu til sögur.

Gaman að sjá hvað börnin blómstra þarna, þau eru farin að tala meira og gaman að skrifa niður og sjá framfarirnar í málþroska. Við ætlum að skrá niður í hverri stund næsta vetur.

Í Rauðaborg erum við að vinna með Tákni með tali og fengu öll börn í leikskólanum nafnatákn í vetur, sem og starfsfólkið og allir áhugasamir að læra táknin. Við á Lynginu notuðum mikið lagið „Nú skulum við segja hvað við heitum“, til að læra táknin hjá öllum. Við lögðum ekki inn önnur ný tákn í vetur en stefnum á það að gera það haustið 2018.

Við höfum ekki verið nógu duglegar að taka tilfinningaspjöldin með okkur í leikáætlunina en höfum þó notað þá stund til að ræða við börnin. Næsta vetur ætlum við að taka spjöldin með okkur og gera þetta sýnilegra fyrir börnin. Sjá fylgiskjal 5

Við erum ánægðar með læsisverkefnið, tókum 1 sögu á vorönn. Við notuðum hópastarfið í að lesa söguna og vinna úr henni. Við ætlum næsta vetur að lesa hana í samverustund, og þá koma allir starfsmenn til með að lesa fyrir öll börnin, en vinna úr henni í hópastarfi.

Allir hópar fóru líka í gönguferðir 1x í viku, þó svo að yngstu börnin fóru aðeins sjaldnar en fóru samt í gönguferðir. Þetta er eitthvað sem við í Rauðaborg höfum gert frá opnun leikskólans en veturinn 2017-2018 tengdum við gönguferðirnar grænánaverkefninu okkar og kortlögðum svæðin í kringum leikskólann. Hver hópur gerði 1-2 gönguleið, skráði á kort og fann örnefni sem tengdist þeirri leið. Þetta var mjög gaman og bæði börn og starfsfólk var mjög áhugasamt. Við fengum svo afhentan 3ja grænánann okkar í sumarbyrjun 2018.

Það var líka gaman að sjá hvernig veturinn þróaðist, börnin þroskuðust vel, eignuðust vini og samleikur jókst mikið. Það var mikið rætt um vináttu og ég tel að sú vinna hafi skilað sér til barnanna.

Umbótaáætlun sjá fylgiskjal 6

Ytra mat

Viðhorfskönnun starfsmanna

Gerð var viðhorfskönnun fyrir starfsmenn leikskóla á vegum SFS í jan / feb 2018

Tilgangurinn með könnuninni er að fá fram viðhorf starfsmanna til starfsumhverfisins, samskipta og stjórnunarháttanna. Niðurstöðurnar eiga að nýtast til að bæta árangur starfseminnar og gera leikskólann enn betri bæði fyrir börn, foreldra og starfsmenn.

Könnunin fór fram rafrænt

Helstu niðurstöður:

Starfsfólki finnst að ákvarðanir byggist á faglegum forsendum. Þau þekkja markmið og stefnur og eru ánægð með þær og finnst að vinnustaðurinn leggi áherslu á gæði í störfum og þjónustu. Fólki er tilbúið til að leggja mikið á sig þegar þörf krefur og takast á við auknar áskoranir og breyttar aðstæður í starfi. Fólki er stolt af starfinu sínu og veit til hvers er ætlast af þeim og finnst hæfni þeirra nýtast vel í starfi. Fólki finnst það fá stuðning og hjálp ef á þarf að halda. Fólki finnst að samvinna sé góð og að starfsfólk miðli þekkingu á milli sín og starfsandi í hópnum sé góður.

Fram kemur að þó starfsfólk sé tilbúið að leggja mikið á sig þegar þörf krefur og takast á við auknar áskoranir og breytingar í starfi þá finnst þeim þau hafa of mikið að gera og þurfa að vinna á of miklum hraða en verkefni hlaðast samt upp.

Varðandi vinnuaðstöðu kemur fram að hún sé ekki nógu góð og að það sé of þröngt um okkur þó reynt sé að mæta því lausnarmiðað.

Fólki finnst almennt að störf þess séu vel metin en við teljum að alltaf megi gera betur.

Fólki líður vel í vinnunni og eru ánægð í starfi þegar á heildina er litið. Meiri hluti starfsmanna sér sig í starfinu eftir 2 ár og er ekki með áætlanir um að hætta.

Viðhorfskönnun foreldra

Ekki var gerð viðhorfskönnun foreldra á vegum SFS þetta árið.

Við óskuðum eftir viðhorfum foreldra til starfsins síðastliðinn vetur og fengum svör í gegnum tölvupóst. Helstu niðurstöður voru: að foreldrar eru ánægðir með leikskólann, allar gönguferðirnar og einnig aðrar ferðir til að mynda á Hvalasafnið og Þjóðminjasafnið. Fram kemur að starfsfólkið eigi hrós skilið fyrir að leggja á sig margar strætóferðir með börnin til þess að geta boðið upp á slíkar ferðir. Mikil ánægja er með jóga, val og og margt fleira eins og t.d. áherslan á að efla sjálfstæði barnanna og verkefnið um Lubba sem finnur málbein. Fram kom að mikil alúð og fagmennska er í starfinu í Rauðaborg. Einkunnarorð leikskólans eru Gleði – virðing – sjálfstjórn og hafa foreldrar tekið eftir í fari barnsins að unnið er samkvæmt þessum gildum.

Mikil ánægja er með alla útiveru og móttöku í byrjun dags og notalegt sé að heyra tónlistina sem mætir þeim þegar komið er í leikskólann. Ánægja er með matseðillinn og matinn. Fram kemur ánægja með að leitað sé eftir óskum og ábendingum foreldra og barna varðandi starfið á leikskólanum og er okkur þakkað fyrir að gefa foreldrum tækifæri á að segja sína skoðun. Foreldrum finnst starfið vera til fyrirmyndar og starfsmenn standa sig vel við oft krefjandi aðstæður. Börnin eru sátta og glöð í leikskólanum sínum og tala vel um starfsfólk sem og vini sína þar. Foreldrar barns af erlendum uppruna sem var hér í 6 mánuði taka fram að dvöl hans í Rauðaborg hafi verið gott skref í hans þroska og námi. Ýmsar ábendingar og óskir komu einnig fram s.s. að morgunverðurinn verið fjölbreyttari og að skráning á svefntíma og hvernig börnin hafi borðað sér sé fært á aðgengilegri stað fyrir foreldra. Reynt hefur verið að mæta öllum ábendingum eftir bestu getu.

Viðhorfskönnun barna

Gerð var viðhorfskönnun barna í tveim elstu árgöngunum sjá, fylgiskjal, börnin fengu að gefa einkunn öllum helstu atriðum í daglegu starfi í leikskólanum. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi: Börnin eru mjög áægð með leikskólann sinn og allt það sem þar fer fram. Sumum finnst erfiðast í fataklefa en þar finnst þeim stundum vera hávaði, þröngt og of mörg börn saman. Þeim finnst vont þegar þau upplifa hávaða inni en þá fá þau illt í eyrun og líður ekki vel. Tekið er mið af þessum niðurstöðum í umbótaáætlun næsta skólaárs. Einnig er tekið mið af þroska, líðan og þörfum allra barnanna í skipulagi fyrir næsta skólaár.

Sjá fylgiskjal 7

Áhersla næsta skólaárs

Sameiginlegt markmið allra deilda í leikskólanum er að vinna með og innleiða vináttuverkefni Barnaheilla sem er forvarnarverkefni gegn einelti og ætlað börnum í leikskólum. Fulltrúi frá Barnaheill kemur til okkar á skipulagsdegi í september til að kynna verkefnið fyrir öllu starfsfólki en síðastliðinn vetur fóru allir deildarstjórar á kynningu og námskeið um efnið. Náms efnið byggist á ýmiss konar verkefnum til að vinna með vináttuna s.s. sögur, söngvar, myndaspjöld o.fl. Unnið verður með þessi verkefni í hópastarfi og samverustundum og einnig í öllu daglegu starfi. Börnunum er kennt að sýna hverju öðru virðingu og umhyggju og að styðja félagi sína. Verkefninu fylgir bangsi sem nefnist Blær og verður Blær til á hverri deild. Hvert barn mun einnig fá lítinn Blæ sem fylgir þeim alla leikskólagönguna. Litlu bangsarnir tákna samfélag vináttu og eiga sér ákveðin stað í leikskólanum og eru merktir hverju barni.

Í Rauðaborg hefur alltaf verið unnið mikið með vináttuna. Teljum við að hún eigi að vera rauður þráður í öllu okkar starfi og viljum við ræða hana við hvert tækifæri sem gefst.

Við höfum áður útbúið Vináttumöppur fyrir hverja deild. Í þeim eru margs konar verkefni, leikir og söngvar sem tengjast vináttunni og tilfinningum. Markmiðið er að börnin læri að þekkja tilfinningar sínar svo sem: gleði, sorg og reiði og að hafa sem besta stjórn á þeim. Við erum viss um að verkefni Barnaheilla verði góð og jákvæð viðbót við það starf sem fyrir er og geti orðið fastur liður í daglegu starfi leikskólans.

Það sem verður metið

Hvernig tala börnin saman?

Hvar og hvernig verða árekstrar?

Hvernig leysa börnin úr ágreiningi?

Hvernig sýna börnin vináttu?

Hvernig þróast samskipti milli barna?

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Kappkostað er að viðurkenna fjölbreytileikann og eru starfsmenn upplýstir fyrir komu barna af erlendu þjóðerni um þjóðerni þeirra, menningu þeirra þjóðar og tungumálakunnáttu.

Haldin er fjölmeningavika þar sem lönd og menning þeirra barna af erlendu þjóðerni eru kynnt í samvinnu við foreldra þeirra.

Börn af sama þjóðerni eru hvött til að tala íslensku í leikskólanum en fá reglulega leikstundir til að leika saman og tala sitt tungumál.

Unnið er með tvítyngd börn í litlum hópum (sum daglega og önnur 2 – 3 í viku) Markmiðið er að efla sjálfsmynd barnanna og auka málþroska og skilning svo þau verði öruggari í félagslegum samskiptum. Í þeirri vinnu er lögð áhersla á hlustun, tjáningu, líðan og orðaforða. Starfið fer fram í gegnum ólík spil, bókalestur, samtöl og leiki.

Samskipti við foreldra

Lögð er áhersla á að byggja upp gott og traust samstarf við foreldra því það er grunnur að öryggi og vellíðan barnsins í leikskólanum. Í öllum viðtölum er notuð túlkþjónusta svo bæði leikskólinn og foreldrar geti komið sínum sjónarmiðum rétt til skila. Sérstök áhersla er lögð á fyrsta viðtal þar sem skipst er á upplýsingum um barnið og leikskólastarfið.

Foreldrar eru hvattir til að stoppa við í leikskólanum þegar komið er með barnið og það sótt til þess að skiptast á upplýsingum um hvernig dagur barnsins hafi verið. Einnig fá foreldrar viðtal ca. einu sinni í mánuði eða oftár meðan verið er að byggja upp öryggi og traust. Foreldrar eru hvattir til að tala sitt móðurmál við barn sitt því það er mikilvægur grunnur fyrir því að geta lært önnur tungumál.

Kappkostað er að allar upplýsingar frá skóla séu einnig á ensku og því tungumáli sem við á.

Notast er við upplýsingar á www.rvk.is sem má finna á <https://reykjavik.is/baeklingar-fyrir-foreldra-brochures-parents> orðalistar <https://reykjavik.is/ordalistar-eydublod-og-fleira-hagnytt> og

Information á heimasíðu Rauðaborgar <http://raudaborg.is/>

Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Samtölin eru í febrúar/mars ár hvert. Hver starfsmaður fær undirbúningsblað með viku fyrirvara. Leikskólastjóri og starfsmaður sitja viðtölin sem fram fara á skrifstofu leikskólans. Áætlaður tími fyrir hvert viðtal er 40 mínútur. Önnur viðtöl eru tekin eftir aðstæðum sem upp koma.

Deildarstjórar hafa viðtöl við starfsmenn sinnar deildar í sept/okt ár hvert. Starfsmenn fá undirbúningsblað með viku fyrirvara og áætlaður tími fyrir hvert viðtal eru 30 mínútur.

Símenntun frá síðasta ári

- ✓ Jafnrétti í starfi með börnum - allir 19.okt'17 (Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir)
- ✓ Lubbi finnur málbein – allir 20.nóv'17 (Eyrún Ísfold Gísladóttir)
- ✓ Íslenski hljóðmælirinn – hulda og unnur 22.jan'18 (Raddlist)
- ✓ Námskeið um streitu og álag – Ásta Birna og Unnur 1.feb'18 (Ingibjörg H. Jónsdóttir)
- ✓ Fræðslufundur um markviss vinnubrögð með mál og læsi - Unnur 1.feb'18 (ráðgjafar miðju máls- og læsis)
